

Hrunadans og horfið fé - skýrslan á 160 síðum

Bókarhöfundur: Styrmir Gunnarsson

Bókarheiti: Hrunadans og horfið fé – skýrslan á 160 síðum

Gagnrýnandi: Guðni Th. Jóhannesson, sagnfræðingur

Útgáfa: Veröld, Reykjavík 2010, 159 bls.

Í umsögn gagnrýnanda kemur meðal annars eftirfarandi fram: „*Bók Styrmis Gunnarssonar nýtist ekki sem hlutlægur vegvísir eða yfirlit um innihald og helstu niðurstöður Skýrslunnar miklu. Bókin er eigi að síður þarft innlegg í umræðuna um orsakir bankahrunsins á Íslandi.*“

SÝN STYRMIS Á HRUNID OG SKÝRSLUNA

Hún er engin smásmíði, skýrsla rannsóknarnefndar Alþingis um aðdraganda og orsakir falls íslenska bankanna 2008 og tengda atburði. Flestir eru sammála um að nefndinni hafi tekist vel upp og almenningur sýndi skýrslunni mikinn áhuga um leið og hún var birt í vor. Þrátt fyrir umfangið er Skýrslan, eins og hún er kölluð manna á milli, meðal vinsælustu rita ársins 2010.

Þetta er auðvitað vel. Í Skýrslunni er aragrúi upplýsinga, fjöldi ályktana og svo ótal margt sem fólk verður að vita, ætli það sér að geta lagt mat á bankahrunið af einhverju viti. En hitt er annað mál hvort kaupendurnir fjölmörgu hafi í raun lesið Skýrsluna til hlítar. Lengi hefur verið haft í flimtingum að hið vinsæla rit Stephens W. Hawking, A Brief History of Time (Saga tímans, gefin út á Íslandi árið 1999) sé sú bók sem flestir hafi keypt en fæstir lokið við. Kannski á hið sama við um Skýrsluna góðu (sjálfur á ég ennþá eftir að lesa nokkra kafla hennar, svo því sé haldið til haga).

Sé sá grunur réttur að ekki hafi allir kaupendur þaullesið Skýrsluna frá upphafi til enda má ætla að margir hafi tekið fegin hendi því riti Styrmis Gunnarssonar sem hér er fjallað um. Á baksíðu segir að í því sé að finna heildstæða og greinargóða úttekt á Skýrslunni og í inngangi segist höfundurinn hafa ætlað sér að skrifa „þessa litlu bók á skömmum tíma til þess að koma á framfæri yfirliti og kjarna máls um nokkra þá meginþætti Skýrslunnar sem mér finnst skipta mestu máli“ (bls. 10).

Vissulega var bókin samin í hraði og vissulega getur hún hjálpað fólki við að kynna sér um hvað er fjallað í Skýrslunni. Það er þakkarvert og Styrmir skrifaði bókina á skýru og auðskiljanlegu máli. Áralöng reynsla í blaðamennsku og ritstjórn nýttist honum greinilega. Auk þess bjó hann að því að hafa lengi verið í eða horft inn í innsta hring íslensks valdakerfis. Vilji menn fræðast frekar um þær deildu meiningar sem uppi eru um aðdraganda og orsakir falls íslensku bankanna árið 2008 munu þeir þess vegna hafa mikið gagn af hinni stuttu og snaggaralegu bók Styrmis Gunnarssonar.

Bókin skiptist í sjö meginkafla undir þessum heitum: Bankarnir, Útrásarvíkingar, Fjármálaeftirlitið, Seðlabankinn og ríkisstjórnin, Icesave og tilskipun ESB, Gagnrýni á efnahagsstefnu, Niðurstaðan. Lengstur er kaflinn um Seðlabankann og ríkisstjórnina, 40 blaðsíður, en umfjöllunin um bankana er aðeins fjórum síðum styttri.

Gott hefði verið að fá í bók Styrmis stutt yfirlit um helstu niðurstöður rannsóknarnefndar Alþingis (eins og þær eru til dæmis raktar í I. bindi Skýrslunnar, bls. 31–47). En í raun er bókin ekki hlutlæg úttekt eða skýr útdráttur Skýrslunnar.

Öðrum þæði snýst hún um sýn Styrmis sjálfs á þá þætti sem raktir eru í henni. Þetta er ekki sagt verkinu til lasts enda dregur höfundurinn enga dul á að þannig sé málum háttað. „[S]em mér finnst skipta mestu máli,“ segir hann í inngangsorðunum sem vitnað var til að ofan. Alger hlutlægni er auk þess ómöguleg en sé markmiðið að veita yfirsýn frekar en að fella dóma er þó nauðsynlegt að stefna að henni.

Að lokum er vert að nefna að í yfirliti sínu ræðir Styrmir Gunnarsson um helstu sökudólga í hina skelfilega efnahags- og bankahruni sem skók Ísland árið 2008. Hann skipar þeim líka í röð á sakamannabeknum: „Skýrsla rannsóknarnefndarinnar þýðir því að Seðlabankinn er kominn á annan stað í umfjöllun um ástæður bankahrunsins. Hann er kominn í fimmta sæti á eftir bankamönnum, útrásarvíkingum, Fjármálaeftirliti og ríkisstjórn og Alþingi“ (bls. 72). Ekki er víst að allir lesendur Skýrslunnar séu sama sinnis; sjálfum finnst mér niðurstaðan frekar vera sú – í grófustu dráttum – að höfundar hennar telji ábyrgðina fyrst og fremst liggja hjá „bankamönnum“ og „útrásarvíkingum“ en ekki

sé mikill greinarmunur gerður á hlut Fjármálaeftirlits, Seðlabanka, Alþingis og ríkisstjórnar.

Bók Styrmis Gunnarssonar nýtist ekki sem hlutlægur vegvísir eða yfirlit um innihald og helstu niðurstöður Skýrslunnar miklu. Bókin er eigi að síður þarft innlegg í umræðuna um orsakir bankahrunsins á Íslandi.